



Matvælaráðuneytið
Borgartún 26
105 Reykjavík

Sent í gegnum samráðsgátt

Reykjavík, 2. apríl 2024

Umsögn Landverndar um aðgerðaáætlun landbúnaðarstefnu

Landvernd tekur undir mikilvægi þeirra viðfangsefna sem aðgerðaáætlun um landbúnaðarstefnu tekur til varðandi náttúruvernd, líffræðilega fjölbreytni, loftslagsmál, landnýtingu, hringrásarhagkerfi, mikilvægi rannsókna, sjálfbæra þróun og fleira.

Þá fagnar Landvernd boðaðri breytingu á styrkjakerfi landbúnaðarins, enda er breyting á því grundvallaratriði ef taka á loftslagsmálin alvarlega og ná markmiðum um samdrátt í losun gróðurhúsalofttegunda.

Breytt styrkjakerfi frá 2026

Búvörusamningar til tíu ára gilda til 2026. Stuðningskerfi þeirra stuðlar ekki að samdrætti í losun, þar sem stærstur hluti stuðningsins er til sauðfjár- og nautgriparæktar sem losa mest allra búgreina. Að einhverju leyti er hægt að draga úr losun með bættum aðferðum, en að mati Landverndar er einnig nauðsynlegt að styrkja fjölbreyttari landbúnað.

Áherslur framtíðar í styrkjum til landbúnaðarins þurfa að styðja við fjölbreyttari framleiðslu landbúnaðarafurða, eins og fram kemur í áætluninni. Með aukinni áherslu á jarðrækt, endurheimt vistkerfa, náttúruvernd og landvörslu á grunni efnahagslegrar, félagslegrar og umhverfislegrar sjálfbærni. Fjölga þarf stoðum landbúnaðar á grunni sjálfbærrar nýtingar í þágu loftslagsmála, umhverfis- og náttúruverndar og fjölbreytni í ræktun, eins og stendur í stefnumiðum aðgerðaáætlunar.

Sveigjanleiki stuðlar að sjálfbærri landnýtingu

Hingað til hefur stuðningskerfi landbúnaðarins, sjálfsmynd bænda og ímynd matvælaframleiðslu að langmestu leyti snúist um framleiðslu á kjöti. Ríkisstyrkjum til landbúnaðar þarf að breyta til að þeir þjóni umhverfinu, land sé nýtt á sjálfbæran hátt og bændur geti flutt sig milli landbúnaðargreina án þess að styrkjakerfið sé hindrun. Styðja þarf við bændur svo þeir geti tekið þátt í endurheimt vistkerfis og aukið fjölbreytni



einkum með ræktun lands. Losun vegna landbúnaðar á hvern Íslending er hærri en meðaltal ESB, 1,69 tonn á móti 0,94 tonn í ESB, því þarf að breyta.

Samstarf við bændur um breytt kerfi

Tæpir 20 þúsund ferkílómetrar lands með óstöðugt yfirborð og litla gróðurþekju eru enn nýttir til beitar á sumrin. Kindur ganga lausar en meginreglan er að girða þarf til að verja land gegn lausagöngu. Gögn vantar enn um beitarþol einstakra svæða og betri stýringu þarf á beit og hvíld fyrir svæði sem ekki þola beit nógu vel. Lausaganga búfjár torveldar stýringu. Landvernd vonast til þess að bændur fái hlutverk í vistheimt lands, þar sem enginn þekkir landið betur en þeir og samstarf við bændur er nauðsynlegt við endurheimt vistkerfa, sem vonandi verður hluti af stuðningskerfi landbúnaðarins þegar tímabil nágildandi búvörusamninga rennur út og nýtt tekur við.

Fjármagn og efndir

Landvernd bindur vonir við að aðgerðaáætlun í landbúnaði nái tilætluðum árangri og að þær stefnur sem hún byggir á raungerist. Enn fremur að fjármagn verði tryggt hið fyrsta meðal annars í gegnum fjármálaáætlun. Landvernd styður þær aðgerðir sem byggja upp nýja sjálfbæra stétt bænda, þar sem hugað er að umhverfisáhrifum, endurheimt vistkerfa, fjölbreyttari framleiðslu, hollustu, matarsóun, upprunavottun og vistvænum framleiðsluháttum.

Fyrir hönd Landverndar,

Þorgerður María Þorbjarnardóttir.